



Ársskýrsla 2025



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

Ávarp framkvæmdastjóra



Hildur Betty Kristjánsdóttir,
framkvæmdastjóri
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Vinumarkaður og samfélag taka nú örur breytingum. Stafrænar lausnir, gervigreind, sjálfvirknivæðing, græn umskipti og lýðfræðilegar breytingar móta störf, hæfnikröfur og möguleika fólks til þátttöku í samfélagi og atvinnulífi. Við þessar aðstæður þurfa símenntun, hæfnipróun og endurmenntun að vera sjálfsagður hluti af menningu okkar og daglegri þátttöku.

Fjárfesting í símenntun eflir einstaklinga, styrkir fyrirtæki og skilar arðsemi í formi aukinnar hæfni, aðlögunargetu og þátttöku í atvinnulífi og samfélagi. Fólk þróar færni sína með fjölbreyttum hætti, ýmist á eigin forsendum eða í samvinnu við aðra, til að sækja ný tækifæri eða bregðast við breytingum í starfi. Þess vegna skiptir máli að skapa fjölbreyttar leiðir til náms, starfsþróunar og viðurkenningar á færni, óháð því hvar eða hvernig hennar hefur verið aflað.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gegnir mikilvægu hlutverki í að opna leiðir fyrir fólk á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið námi á framhaldsskólastigi, en býr yfir dýrmætri reynslu, þekkingu og hæfni. Í samstarfi við stjórnvöld, aðila vinnumarkaðarins og aðra hagaðila vinnum við að því að gera þessa hæfni sýnilega, auka hana og skapa fjölbreytt tækifæri.

Í dag eru innflytjendur 56% þátttakenda í námi á vegum framhaldsfræðslunnar. Það undirstrikar mikilvægi þess að framhaldsfræðslan sé aðgengileg, sveigjanleg og taki mið af fjölbreyttum bakgrunni, reynslu og þörfum fólks. Þannig styður hún við inngildinguna, hæfnipróun og virkari þátttöku í atvinnulífi og samfélagi.

Nám, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf eru lykilverkfæri í þessu samhengi. Saman varpa þau ljósi á reynslu og hæfni fólks og skapa leiðir til vaxtar. Þannig verður framhaldsfræðslan mikilvægur farvegur fyrir fólk til að styrkja stöðu sína, auka sjálfstraust og mæta breyttum kröfum á vinnumarkaði.

Eftirspurn eftir námi, ráðgjöf og raunfærnimati var mikil á árinu 2025 og fjármagn Fræðslusjóðs var fullnýtt. Það undirstrikar að þörfin er meiri en núverandi fjármagn nær að mæta. Til að framhaldsfræðslan geti sinnt hlutverki sínu til framtíðar þarf að auka fjármagn sem veitt er til málaflokksins. Jafnframt þarf að nýta fjármuni markvisst og tryggja kerfinu sveigjanleika til að bregðast við breyttum aðstæðum. Heimild til tilfærslu fjármagns milli ráðgjafar, náms og raunfærnimats hefur verið mikilvægt skref í þá átt. Hún styrkir starf fræðslu- og símenntunarmiðstöðva við að forgangsraða þjónustu í takt við aðstæður á hverju landsvæði.

Eitt af brýnum verkefnum framhaldsfræðslunnar er að efla formlega viðurkenningu á námi. Enn vantar skýr námslok innan framhaldsfræðslunnar líkt og í formlega skólakerfinu. Slík viðurkenning staðfestir þá vinnu sem einstaklingar leggja á sig, eykur gildi námsins og styrkir tengsl framhaldsfræðslunnar við atvinnulíf og áframhaldandi nám. Með skýrari viðurkenningu verður fólki auðveldara að byggja ofan á fyrri reynslu og nýta hæfni sína á nýjum vettvangi.

Að lokum þakka ég starfsfólki Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins fyrir fagmennsku, metnað og kraftmikið starf á árinu. Ég þakka stjórn fyrir traust og stuðning og öllum samstarfsaðilum okkar fyrir mikilvægt framlag.

Framtíðarsýn okkar er skýr. Við viljum efla framhaldsfræðsluna sem farveg símenntunar þar sem reynsla, nám og færni fólks eru metin að verðleikum og verða grunnur að nýjum tækifærum. Sú sýn kallar á samhæft kerfi, traust samstarf, nýsköpun og sjálfbæra fjármögnun.

Ávarp mennta- og barnamálaráðherra



Inga Sæland,
mennta- og barnamálaráðherra

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) gegnir afar mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi. Hún er sameiginlegur vettvangur aðila vinnumarkaðarins til að styrkja menntun fólks, hvort sem það er í starfi, í atvinnuleit eða í starfsendurhæfingu. Það skiptir miklu máli. Því menntun er ekki aðeins fyrir þá sem ganga beina leið í gegnum skólakerfið. Hún á líka að vera raunverulegt tækifæri fyrir þá sem þurfa annað upphaf, nýja leið eða styrkari grunn. FA er fagleg miðja fyrir fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar sem sinna fullorðnu fólki sem hefur stutta skólagöngu að baki eða skerta möguleika til náms og starfa. Það er stór og mikilvægur hópur. Það er hópur sem við megum aldrei skilja eftir.

Rannsóknir Hagstofunnar sýna ár eftir ár að einmitt þessi hópur tekur minnstan þátt í sí- og endurmenntun. Það segir okkur eitt mjög skýrt. Við verðum að gera betur. Þar er hlutverk FA lykilhlutverk. Við þurfum nám sem vekur áhuga, skapar sjálfstraust og opnar dyr. Nám sem er ekki einungis á blaði, heldur raunverulegur stökkpallur út í starf, áframhaldandi nám og bætt lífskjör. Við lifum á tímum þar sem tæknibreytingar, gervigreind og hraðar samfélagsbreytingar kalla á að fólk geti lært alla ævi. Þá verðum við að tryggja að námsleiðirnar séu aðgengilegar, hagnýtar og byggja upp traustan grunn.

Í nýrri atvinnustefnu stjórnvalda ætlum við að styrkja grunnstoðir menntakerfisins og efla STEM-greinar. Vaxandi eftirspurn eftir færni á þessum sviðum verður mætt með auknum tækifærum í menntakerfinu ásamt markvissum aðgerðum til að bæta námsárangur og draga úr brottfalli. Við þurfum einnig að standa betur með kennurum sem vinna ómetanlegt starf við krefjandi aðstæður út um allt land. Faglegur styrkur þeirra er lykillinn að árangri. Því er lögð sérstök áhersla í atvinnustefnunni á starfsþróun, símenntun og aukna fagþekkingu kennara.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur verið falið mikilvægt hlutverk í þróun og nýsköpun í framhaldsfræðslu. Það er ábyrgð sem skiptir máli. FA á að vera leiðandi í að þróa nám og námslýsingar sem svara raunverulegum þörfum atvinnulífsins og hjálpa fólki annaðhvort inn á vinnumarkaðinn eða áfram í sitt draumanám. Fram undan eru líka stór verkefni. Við vitum að skortur á starfsfólki í heilbrigðis- og umönnunargreinum mun aukast. Við ætlum að byggja betur undir þjónustu við eldra fólk og hlúa betur að komandi kynslóðum eldri borgara. Þá verðum við líka að undirbúa fólkið sem á að sinna þessum mikilvægu störfum. Samtalið um fagtengt grunnnám fyrir verðandi heilbrigðisstarfsfólk er því brýnt.

Þar er FA í lykilstöðu. Þar fer saman þekking á menntamálum og sterk tenging við vinnumarkaðinn. Við eigum að nýta þá stöðu af fullum krafti, fyrir fólkið okkar, fyrir atvinnulífið og fyrir framtíðina.

Breyttar áskoranir og aukin eftirspurn



Maj-Britt Briem,

Lögmaður á vinnumarkaðssviði SA
og stjórnarformaður
Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Framhaldsfræðslan, fimmta stoð menntakerfisins, gegnir sífellt mikilvægara hlutverki í nútíma samfélagi. Framhaldsfræðslan er skilgreind sem hvers konar nám, úrræði og ráðgjöf sem er ætlað að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki. Þróun undanfarinna tuttugu ára sýnir vel gildi framhaldsfræðslunnar. Á sama tíma og hlutfall háskólamenntaðra á íslenskum vinnumarkaði hefur aukist hefur hlutfall þeirra sem aðeins hafa lokið grunnmenntun dregist mikið saman eða úr 30,4% (heildartala) árið 2005 í 17,2% (heildartala) árið 2025.

Ein þeirra áskorana sem við stöndum frammi fyrir er að vinnumarkaðurinn tekur örur breytingum. Störf breytast og ný störf verða til, jafnvel nýjar atvinnugreinar, sem endurspeglar breyttar áherslur, tækniframfarir og sjálfbærni á vinnumarkaði. Fyrirtæki þurfa að bregðast við nýrri tækni og breyttum kröfum sem hefur það í för með sér að hæfnikröfur starfa breytast. Starfsfólk þarf því sífellt að bæta við sig þekkingu og efla sig í takt við þróun samfélagsins. Þarna spilar framhaldsfræðslan lykilhlutverk t.d. hvað varðar greiningu á lykilhæfni starfa. Önnur áskorun felst í miklum vexti innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði. Hvergi innan OECD hefur hlutfallslegur vöxtur aðfluttra verið meiri en á tveimur áratugum jókst hlutfall innflytjenda á vinnumarkaði úr 7% í 24%. Þrátt fyrir hátt menntunarstig innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði nýta fjölmargir sér verkfæri framhaldsfræðslunnar. Til að mynda eru nú um 56% þeirra sem sækja framhaldsfræðslu innflytjendur. Þessi þróun kallar á sveigjanlegt og aðgengilegt kerfi sem mætir fólki þar sem það er statt hverju sinni og það hefur framhaldsfræðslan gert.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) hefur um árabil verið lykilaðili í að þróa og halda utan um verkfæri framhaldsfræðslunnar. Hlutverk FA er meðal annars að tryggja fólki á vinnumarkaði, sem ekki hefur lokið námi á framhaldsskólastigi, tækifæri til menntunar og starfsþróunar. Ekki er hægt að líta fram hjá því að markhópur framhaldsfræðslunnar verður sífellt fjölbreyttari en hann samanstendur m.a. af fólki af ólíkum uppruna, með mismunandi starfsreynslu og ólíkar þarfir. Þrátt fyrir fyrrnefndar samfélagbreytingar hefur fjármagn til framhaldsfræðslunnar ekki aukist í takt við breyttar áskoranir og aukna eftirspurn.

Við erum öll sammála um efla þurfi hæfni í íslensku atvinnulífi og að almennt menntunarstig vaxi. Því markmiði verður m.a. náð með því að auka tækifæri og bjóða upp á fjölbreytt verkfæri innan framhaldsfræðslunnar. Án markvissrar fjármögnunar stendur þessi fimmta stoð menntakerfisins þó á veikum grunni og ef framhaldsfræðslan á að sinna hlutverki sínu þarf að tryggja henni stuðning og fyrirsjáanleika. Því er mikilvægt að FA verði áfram gert kleift að þróa og styrkja verkfæri framhaldsfræðslunnar. Með því er ekki aðeins verið að fjárfesta í einstaklingum heldur í samkeppnishæfni atvinnulífsins og framtíð samfélagsins alls.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) er verkfærasmiðja sem byggir á samstarfi og þjónustu á vettvangi framhalds- og fullorðinsfræðslu á íslenskum vinnumarkaði. Hlutverk FA er að veita fólki á vinnumarkaði, sem ekki hefur lokið námi frá framhaldsskóla, tækifæri til að styrkja stöðu sína í námi, starfi og samfélagi.

FA starfaði árið 2025 á grundvelli þjónustusamnings við mennta- og barnamálaráðuneytið um verkefni á sviði framhaldsfræðslu samkvæmt lögum nr. 27/2010. Málaflokkur framhaldsfræðslu færðist úr félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu yfir til mennta- og barnamálaráðuneytisins þann 15. mars, 2025. FA er í eigu SA, ASÍ, BSRB, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga og byggir allt starf sitt á víðtækri samvinnu við hagsmunaaðila.

Helstu verkefni FA samkvæmt þjónustusamningi

- Greina hæfnikröfur starfa á vinnumarkaði.
- Vinna að þróun og viðurkenningu raunfærnimats í samstarfi við atvinnulíf og fræðsluaðila.
- Auka framboð á almennum og starfstengdum námskrám fyrir markhópin í samvinnu við samstarfsaðila, menntakerfið og vinnumarkaðinn.
- Efla ráðgjöf til einstaklinga, sem ekki hafa lokið námi á framhaldsskólastigi, til þess að styrkja stöðu þeirra í námi, starfi og samfélagi.
- Tryggja gæði í starfi fræðsluaðila með þróun og innleiðingu á gæðakerfi fyrir framhaldsfræðsluna.
- Taka þátt í innlendu og erlendu samstarfi þar sem hagsmunir atvinnulífs og markhópsins eru í fyrirrúmi.
- Miðla upplýsingum um árangur starfsins, nýjungar og þróun framhaldsfræðslu.
- Þróa aðferðir sem styðja við framkvæmd náms og nýtingu verkfæra.
- Móta verklag og undirbúa aðkomu nýrra hópa að framhaldsfræðslu og nýta samlegðaráhrif í starfi FA.
- Annast umsýslu Fræðslusjóðs og fjárreiður hans.

Frá árinu 2005 hefur FA hýst landstengilið Íslands í Norræna samstarfsnetinu um símenntun (NLL) með fjármagni frá Norrænu ráðherranefndinni. Jafnframt hefur FA frá 2017 hýst Hæfnisetur ferðaþjónustunnar sem vinnur samkvæmt þjónustusamningi við atvinnuvegaráðuneytið um uppbyggingu á hæfni starfsfólks í íslenskri ferðaþjónustu. Hæfnisetrið, Fræðslusjóður og NLL gefa út eigin ársskýrslur.


FA hélt úti tveimur vefjum auk fræ.is; hver um sig með skilgreind markmið og markhóp. Þeir eru: Gátt, vef tímarit um fullorðinsfræðslu og hæfni.is vefur Hæfniseturs ferðaþjónustunnar, þar sem finna má fræðslu- og stuðningsefni fyrir stjórnendur og starfsfólk í ferðaþjónustu.



Verkfæri framhaldsfræðslunnar

FA þróar verkfæri fyrir framhaldsfræðsluna, fimmtu menntastoðina, í samstarfi við atvinnulífð, menntakerfið, stéttarfélag og fagfélög. Hæfniviðmið eru grunnur verkfæranna með tengingu við þrep íslenska hæfnirammans um menntun.

Verkfæri FA



Mannauður

Árið 2025 voru ársverk hjá FA 12,5 samanborið við 13,5 árið 2024. Í árslok störfuðu 15 starfsmenn í samtals 12,8 stöðugildum. Þar voru þrettán konur samtals í 10,8 stöðugildum og tveir karlmenn í tveimur stöðugildum.

Starfsemi FA byggist á fjölbreyttum verkefnastofnum sem gera ríkar kröfur til sérfræðipækkingar, yfirsýnar og reynslu starfsfólks. Sérfræðingar FA sinna almennt fleiri en einum verkefnastofni, sem kallar á þverfaglega nálgun, gott samstarf og hæfni til að miðla þekkingu á milli verkefna. Áhersla er lögð á teymisvinnu innan hvers verkefnastofns þar sem styrkleikar starfsfólks eru nýttir markvisst og sameiginleg þekking lögð til grundvallar þróun og framkvæmd verkefna.

Mannauður FA er ein af lykilforsendum þess að félagið geti sinnt hlutverki sínu á vettvangi framhaldsfræðslunnar. Á árinu voru reglulega lagðar fyrir starfs-ánægjukannanir sem liður í því að fylgjast með líðan, starfsumhverfi og viðhorfum starfsfólks. Jafnframt var lögð áhersla á faglega þróun með þátttöku starfsfólks í námskeiðum og öðrum verkefnum sem tengdust sérsviðum þess eða styrktu það faglega með öðrum hætti.

Erlent samstarf FA gegnir einnig mikilvægu hlutverki í símenntun starfsfólks og faglegri þróun félagsins. Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi veitir aðgang að nýrri þekkingu, aðferðum og sjónarhornum sem nýttast bæði beint og óbeint í starfsemi FA. Slíkt samstarf er jafnframt mikilvægur hvati að nýsköpun og áframhaldandi þróun á vettvangi framhaldsfræðslunnar.



Rekstur

Rekstraráætlun 2025 gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu í árslok og gekk sú áætlun eftir. Niðurstaða ársins var hagnaður að fjárhæð 4,6 milljónir og er hún í samræmi við áætlanir. Þar vegur þyngst aukning verkefnatekna frá fyrra ári, auk þess sem launakostnaður hefur nánast staðið í stað. Hefur því tekist að bæta eiginfjárstöðu félagsins verulega á síðustu árum. Rekstur FA byggist að stærstum hluta á þjónustusamningum við mennta- og barnamálaráðuneytið og atvinnuvegaráðuneytið.

Áfram verður unnið í samræmi við stefnu um aðhald og kostnaðarvitund. Jafnframt er mikilvægt að gæta jafnvægis í þeim efnum, þannig að aðhald í rekstri styðji við markmið félagsins án þess að draga úr gæðum starfseminnar eða möguleikum til áframhaldandi þróunar. Sá árangur sem náðst hefur byggist á sameiginlegu átaki starfsfólks og metnaðarfullu framlagi þess. Starfsfólk FA á því miklar þakkir skildar fyrir framlag sitt til eflingar félagsins, sem og fyrir jákvætt viðhorf, fagmennsku og gott viðmót í garð félagsins.

Líkt og áður er launakostnaður Hæfniseturs ferðaþjónustunnar færður á FA og því hluti af rekstrar- og verkefnakostnaði FA.


| Rekstur | 2025 | 2024 | Breyting |
|-------------------------------------|------------|------------|----------|
| Rekstrar- og fjáreignatekjur | 294.0 | 285.0 | 3,14% |
| Þ.a. framlag ríkisins | 159.9 | 156.6 | 2,1% |
| Þ.a. verkefna- og fjáreignatekjur | 134.1 | 128.4 | 4,4% |
| Rekstrar- og fjáreignagjöld | 289.4 | 278.9 | 3,8% |
| Þ.a. laun og launatengd gjöld | 142.5 | 144.8 | -1,6% |
| Þ.a. rekstrar- og verkefnakostnaður | 147.5 | 134.1 | 9,6% |
| Hagnaður (tap) ársins | 4.6 | 6.2 | |

Upphæðir í milljónum króna.

Kynningarmál

FA miðlaði upplýsingum um starfsemi sína á vef FA (frae.is) og á samfélagsmiðlunum Facebook og LinkedIn. FA stóð að og tók þátt í fjölda smærri og stærri viðburða í samvinnu við samstarfs- og hagsmunaaðila, innlenda og erlenda. Einnig voru sendir út markpóstar og fréttatilkynningar á fjölmiðla þegar það á við.

Á árinu 2025 fékk vefur FA (frae.is) um 8.100 einstakar heimsóknir. Á vef FA er að finna margvíslegar upplýsingar um Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, meðal annars um verkfæri framhaldsfræðslunnar, starfsemi FA, erlent samstarf og innlenda samstarfsaðila. Á mælaborði FA má nálgast tölfraði yfir árangur af starfinu frá upphafi eða frá árinu 2003. Sjá hér.



Veftímaritið GÁTT

Gáttinni er ætlað að miðla þekkingu og reynslu á sviði framhaldsfræðslu og námi fullorðinna. Með reglulegri birtingu greina stuðlar tímaritið að faglegri umræðu og aukinni vitund um mikilvægi símenntunar í síbreytilegu samfélagi.

Á árinu voru birtar átta greinar í Gátt eftir innlenda og erlenda höfundar sem fjalla um fjölbreytt viðfangsefni á sviði framhaldsfræðslu og nám fullorðinna. Umfjöllunarefnið spanna meðal annars starfstengt nám á vinnumarkaði, nýtingu gervigreindarverkfæra til að greina og efla almenna starfshæfni, gæðamál og fagmennsku innan fræðslukerfisins, auk fjölbreyttra aðgerða til að styrkja símenntun.

Greinar í Gátt 2025:



- Starfstengt nám á vinnumarkaði
- Gervigreindarverkfæri aðstoðar við að draga fram almenna starfshæfni
- Staðfestum fagmennsku og stuðlum að gæðum
- Yfir 20 aðgerðir til að efla símenntun
- Tungumálakennsla í fyrirtækjum á Suðurnesjum
- Tungumál sem brú: íslenskunám á Landspítala í samstarfi við Mími-símenntun
- Gefum íslensku séns

EQM/EQM+ gæðavottun

Gæðavottunin (EQM/EQM+) felur í sér viðurkennd gæðaviðmið fyrir fræðslu, ráðgjöf um nám og störf og raunfærnimat.

EQM/EQM+ gæðavottun fyrir fræðsluaðila í fullorðinsfræðslu og fræðsludeildir fyrirtækja og stofnana var fyrst tekin í notkun árið 2008. Þá var vottuninni einungis ætlað að ná utan um fræðslustarfið (EQM) en í dag nær hún einnig utan um raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf (EQM+).

Í lok árs 2025 voru 18 fræðsluaðilar og fyrirtæki með EQM-vottun. Fjórtán voru með EQM+ vottun og fjögur með EQM þar sem starfsemin snýst einvörðungu um fræðslu. Allir samstarfsaðilar FA, á vettvangi framhaldsfræðslunnar, eru með EQM+ gæðavottun. En ein forsenda þess að fræðsluaðilar fái framlög úr Fræðslusjóði er að þeir hafi fengið gæðavottun sbr. 7. gr. laga 27/2010 og 4. gr. reglugerðar 1163/2011 um framhaldsfræðslu.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur boðið þeim sem starfa að framhaldsfræðslu, upp á EQM og EQM+ gæðakerfið, sem sérstaklega er sniðið að þeirra þörfum, en EQM/EQM+ er hannað til að mæta síauknum kröfum um gagnsemi; gegnsæi í framkvæmd, skjölun og sameiginleg gæðaviðmið fyrir aðila utan hins formlega skólakerfis.

EQM/EQM+ tekur mið af:

- gæðum þjónustunnar sem veitt er
- innri gæðastjórnun og verklagsreglum
- hvernig núverandi starfshættir samræmast viðurkenndum gæðaviðmiðum.

FA heldur utan um heildarferli vegna gæðavottunar viðurkenndra fræðsluaðila en gerir samning við fyrirtæki til að sjá um úttekt í samræmi við þá staðla sem í gildi eru hverju sinni. Úttekt hjá fræðsluaðilum fer fram á þriggja ára fresti en milli þess skila fræðsluaðilar sjálfsmatsskýrslu til FA.

Hæfnisetur ferðþjónustunnar

Hæfnisetur ferðþjónustunnar er samstarfsverkefni aðila vinnumarkaðarins, fræðsluaðila og stjórnvalda um heildstæðar lausnir til að auka gæði, hæfni og fagmennsku starfsfólks í ferðþjónustu á Íslandi. Hæfnisetrið var stofnað árið 2017 og afmarkast starfsemin af þjónustusamningi við atvinnuvegaráðuneytið (ATRN). Hæfnisetrið vinnur á forsendum ferðþjónustunnar og á í samstarfi og samtali við atvinnulíf, ferðþjónustufyrirtæki, fræðsluaðila, stjórnvöld og opinbera aðila. Hæfnisetrið heldur úti vef undir hæfni.is.

Fræðslusjóður

| Framkvæmd | 2025 | 2024 |
|-------------------------------|----------------|----------------|
| Vottaðar námskrár | 701.5 | 769.5 |
| Náms- og starfsráðgjöf | 149.1 | 151.7 |
| Raunfærnimat | 125.4 | 137.2 |
| Nýsköpunar- og þróunarstyrkir | 38.3 | 35.1 |
| Samtals | 1.014.3 | 1.093.5 |

Upphæðir í milljónum króna.

Hlutverk Fræðslusjóðs er að stuðla að viðeigandi námstækifærum fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu. Jafnframt er það hlutverk sjóðsins að taka þátt í að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri. Þetta gerir sjóðurinn kleift með því að veita framlög til fjögurra skilgreindra verkefnaflokka; vottaðra námskráa, náms- og starfsráðgjafar, raunfærnimats og nýsköpunar og þróunar.

Mennta- og barnamálaráðuneytið skipar stjórn Fræðslusjóðs til fjögurra ára í senn og berstjórnin ábyrgð á öllum afgreiðslusjóðsins. Skipunartími núverandi stjórnar er fram til ársins 2027. FA sér um daglega umsýslu Fræðslusjóðs samkvæmt þjónustusamningi FA við ráðuneytið, þar á meðal bókhald, samskipti og samningagerð við þá sem fá styrki úr sjóðnum. Framlög til Fræðslusjóðs eru ákveðin í fjárlögum hvers árs. Á árinu úthlutaði Fræðslusjóður rúmlega 1.093,5 milljónum í fjóra verkefnaflokka.

Frekari upplýsingar um stjórn, úthlutanir, nýtingu fjármagns og árangur af starfsemi Fræðslusjóðs er að finna í ársskýrslu hans og á vef FA.

Árangur starfsins á vettvangi framhaldsfræðslunnar



Árið 2025 einkenndist starfsemi á vettvangi framhaldsfræðslunnar af breytilegri nýtingu verkfæra eftir þörfum markhópsins. Þátttaka í námi jókst um u.þ.b. 9% frá 2024, á meðan þátttaka í raunfærnimati dróst saman um u.þ.b. 4% og ráðgjöf um u.þ.b. 2%. Þessi þróun bendir til þess að einstaklingar leiti í ólíkar leiðir milli ára eftir aðstæðum, markmiðum og stöðu á vinnumarkaði. Jafnframt lækkaði meðalaldur í öllum flokkum milli 2024 og 2025, sem gefur til kynna breytingu á samsetningu þátttakenda og mismunandi aðsókn í verkfærin á milli ára. Fjármagn Fræðslusjóðs var fullnýtt árið 2025. Sú stefnumótandi ákvörðun að opna á tilfærslu fjár milli úthlutunarflokkanna þriggja, ráðgjafar, náms og raunfærnimats styrkir sveigjanleika kerfisins og stuðlar að því að fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar geti forgangsraðað og aðlagð þjónustu að þörfum og aðstæðum á hverju svæði.

Hæfnigreiningar FA

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur þróað aðferð við að hæfnigreina störf og hæfniröfur þeirra út frá hugmyndafræði HRSG í Kanada. Hæfnipættir starfa eru viðmið um hvaða hæfni þarf til að gegna tilteknu starfi. Í ferlinu eru fagtengdir hæfnipættir valdir og settir á hæfniprep auk hæfnipátta tengdum almennri starfshæfni. Öll vinna í tengslum við val á hæfniprepum er til samræmis við hæfniramma um íslenska menntun.

Afurð hæfnigreiningar er starfaprófill sem er grunnur að uppbyggingu náms eða matslista fyrir raunfærnimat. FA hefur þýtt og aðlagð hæfnigreiningarferlið að aðstæðum á íslenskum vinnumarkaði.


Aðkoma atvinnulífs er mikilvægur hluti af ferlinu þar sem m.a. ákveðinn fjöldi starfsfólks sem sinnir viðkomandi starfi tekur þátt í greiningunni. Með hæfnigreiningu starfa verða hæfniröfur sýnilegar og geta þar með stutt við: ráðningar; starfsþróun; starfstengdar námskrár sem FA skrifar og raunfærnimat á móti viðmiðum starfa (Fagbréf atvinnulífsins) eða á móti tilteknu námi.

Fræðslumiðstöðin hefur undangengin ár greint nokkur störf innan sama geira þar sem augljós stígandi kemur fram milli starfa. Gott dæmi um slíkt eru þrjú störf innan verslunar: Starf í verslun (hæfniprep 1, 2, 4). Eftir því sem hæfnigreiningum fjölgar má gera ráð fyrir því að álíka stígandi komi fram innan annarra starfsgreina. Hæfnigreiningar starfa byggja á nánú samstarfi við atvinnulífið í landinu og væri ekki mögulegt að framkvæma greiningar starfa án aðkomu fólksins sem sinnir störfunum.

Árið 2025 var bætt við einum greiningarfundi og fyrirkomulag hvers fundar endurskoðað. Með þeirri breytingu varð til ný afurð, drög að matslista. Þau drög eru nýtt við undirbúning raunfærnimats fyrir viðkomandi starf eða við gerð námskrár. Verkaupi getur því valið milli leiðar I eða II út frá afurðum hæfnigreiningar. Ávallt er fylgt skilgreindu ferli við hæfnigreiningu.

Hæfnigreining starfs – ferli leið I

Fulltrúar starfs og hagsmunaaðilar



Hæfnigreiningar á árinu 2025 samkvæmt leið I

Starf


Flugvallarþjónusta

Iðnmeistari – hársnyrtið

Iðnmeistari – matreiðsla

Iðnmeistari – rafvirkjun


Iðnmeistari – vélvirkjun



Leið II felur í sér tvo stýrihópsfundi og fjóra greiningarfundi með hagaðilum. Afurðir ferlisins eru starfaprófill, námskrá/matslisti og starf sett á þrep samkvæmt íslenska hæfnirammaum um menntun. Þessi leið er oftast valin þegar um Fagbréf atvinnulífsins er að ræða.

Hæfnigreining starfs – ferli leið II

Fulltrúar starfs og hagsmunaaðilar



Hæfnigreiningar á árinu 2025 samkvæmt leið II

| Starf | Hæfniþrep |
|-------------------------------|-----------|
| Kjötskurður | 2 |
| Skólaliði | 2 |
| Starf í verslun | 2 |
| Starf í verslun | 4 |
| Starf við þjónustu og ráðgjöf | 2 |
| Gjaldkeri | 2 |
| Aðstoð við léttan iðnað | 1 |



” Ummæli: Ívar Þórður Ívarsson, verslunarstjóri hjá JYSK

Það var mjög skemmtilegt og gefandi að fá að taka þátt í þessu skapandi verkefni hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Vel var haldið utan um verkefnið allt frá upphafi. Við vorum hópur stjórnenda úr mismunandi verslunum og geirum atvinnulífsins sem gerði umræðurnar mjög áhugaverðar og fjölbreyttar. Mér fannst ótrúlega gefandi að fá að leggja mitt af mörkum og vera partur af því að skapa eitthvað gagnlegt. Þótt umræðurnar yrðu stundum langar og ítarlegar, þá héldu verkefnastjórnarnir vel á spöðunum, leiddu umræðurnar og brutu verkefnið niður þannig að allt gekk upp að lokum. Ég myndi hiklaust segja já við því að taka þátt í hæfnigreiningu aftur í framtíðinni. Þetta var bæði gagnlegt og gefandi.


Nám

Eitt af hlutverkum FA er þróun og skrif námskráa fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar í samvinnu við fræðsluaðila og atvinnulíf. Því hlutverki hefur FA sinnt af festu og telur það mikilvægt til eflingar fyrir einstaklinga og atvinnulíf í landinu. Námskrár FA eru fjölbreyttar og ná yfir starfstengt nám, almennt nám eða bóknám. FA birtir á heimasíðu sinni 39 starfstengdar námskrár, 10 almennar og bóknáms námskrár og 9 námsleiðir sem samstarfsaðilar FA geta boðið markhópi framhaldsfræðslunnar.

Alls luku 2934 einstaklingar námi hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum samkvæmt námskrám og námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins árið 2025. Það er aukning frá fyrra ári, þegar 2671 einstaklingur lauk námi, og samsvarar það um 9% fjölgun milli ára.

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar eru lykilsamstarfsaðilar Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og annast framkvæmd náms, fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar um allt land. Fjöldun þeirra sem ljúka námi endurspeglar öflugt samstarf, faglega framkvæmd og getu miðstöðvanna til að ná til fjölbreytts hóps einstaklinga með aðgengilegu og sveigjanlegu námi.

Landfræðileg dreifing þeirra sem luku námi í námskrám og námsleiðum FA 2025



Flestir útskrifaðir samkvæmt námskrám og námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins voru af höfuðborgarsvæðinu, alls 1275 einstaklingar eða 43% heildarinnar sem endurspeglar íbúafjölda svæðisins. Umtalsverð þátttaka var einnig á landsbyggðinni. Norðurland stóð næst með 566 einstaklinga (19%), Suðurnes með 467 (16%) og Suðurland með 260 (9%). Þá luku 143 einstaklingar námi á Austurlandi (5%), 133 á Vestfirðum (5%) og 90 á Vesturlandi (3%).

Í heild nær framhaldsfræðslan til allra landshluta og var þátttaka í námi dreifð um allt land. Þetta undirstrikar að námsframboð, á sviði framhaldsfræðslu, er aðgengilegt og sveigjanlegt og mætir þörfum fólks óháð búsetu.




Hlutfall íslenskra og erlendra ríkisborgara sem ljúka námi eftir landssvæðum 2025

| Landsvæði | Ísl. ríkisfang | Erl. ríkisfang |
|-------------------|----------------|----------------|
| Höfuðborgarsvæðið | 31% | 69% |
| Vesturland | 37% | 63% |
| Vestfirðir | 18% | 82% |
| Norðurland | 53% | 47% |
| Austurland | 70% | 30% |
| Suðurland | 60% | 40% |
| Suðurnes | 61% | 39% |
| Allt landið | 44% | 56% |

Hlutfall íslenskra og erlendra ríkisborgara meðal þeirra sem luku námi á hverju landsvæði dregur fram að samsetning námsmanna var breytileg eftir búsetu, þar sem hlutfall erlendra ríkisborgara var sérstaklega hátt á höfuðborgarsvæðinu, Vesturlandi og Vestfirðum. Á landsvísu voru erlendir ríkisborgarar meirihluti þeirra sem luku námi, sem undirstrikar að framhaldsfræðslan nýtist fjölbreyttum einstaklingum um allt land.

Hlutfallsleg skipting náms eftir tegund árin 2022-2025



Hlutfallsleg skipting náms eftir tegund námskrár og námsleiða á árunum 2022–2025 endurspeglar breytingar á þörfum og áherslum þeirra sem sækja nám. Starfstengdar námskrár voru stærsti flokkurinn öll árin, með hlutfall á bilinu 48–52%, sem bendir til mikillar eftirspurnar eftir námi sem tengist beint starfi og atvinnuþátttöku.

Hlutfall almennra námskráa drógst saman úr 37% árið 2022 í 24% árið 2025, sem gefur til kynna að færri námsmenn kjósi almennt nám en fleiri markvissara og starfstengt nám. FA hefur þróað leið til að brjóta upp námskrár í námsleiðir. Þátttaka í námsleiðum hefur vaxið jafnt og þétt og var í 21%, árið 2025 sem endurspeglar vaxandi þörf fyrir samþætt og styttra nám. Hlutfall bóknáms hefur haldist lágt og tiltölulega stöðugt. Í heild sýnir þróunin að nemar sækjast í auknum mæli eftir sveigjanlegu námi sem mætir persónulegum aðstæðum þeirra og styður beint við atvinnu- og samfélagsþátttöku.


| Mest sótt námið árið 2025 | Fjöldi |
|---|--------|
| Íslenska og atvinnulíf | 538 |
| Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun | 302 |
| Grunnnámskeið fyrir fiskuvinnslufólk | 240 |
| Menntastoðir | 193 |
| Smiðju námskrár | 169 |
| Meðferð matvæla | 144 |
| Fagnámskeið fyrir starfsmenn í félags- og heilbrigðisþjónustu | 139 |
| Stökkpallur | 103 |
| Uppleið | 102 |
| Nám í stóriðju - grunnám | 98 |

Nám, samkvæmt námsleiðinni Íslenska og atvinnulíf og námskránni Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun, var vel sótt árið 2025. Flestir þátttakendanna var fólk með annað móðurmál en íslensku líkt og á einnig við um námskrána Að lesa og skrifa á íslensku. Starfstengt nám var áberandi í efstu sætum. Grunnámskeið fyrir fiskuvinnslufólk var sótt af 240 einstaklingum, Meðferð matvæla var sótt af 144 og 98 sóttu Nám í stóriðju - grunnám, sem endurspeglar áframhaldandi þörf fyrir hæfniuppbyggingu í lykilatvinnugreinum. Einnig stunduðu 169 nemar nám samkvæmt Smiðju námskrám. Þá sóttu 139 námsmenn Fagnámskeið fyrir starfsmenn í félags- og heilbrigðisþjónustu, sem sýnir vaxandi áherslu á faglega þróun innan velferðarþjónustu. Ljóst er að mikil eftirspurn er bæði eftir íslenskunámi, grunnfærni og markvissri hæfniuppbyggingu sem tengist beint þörfum vinnumarkaðarins.


Hlutfallsleg þátttaka í námi eftir þjóðerni á árunum 2021–2025 varpar ljósi á sífellt fjölbreyttari samsetningu þeirra sem sækja framhaldsfræðslu. Á tímabilinu jókst hlutfall erlendra ríkisborgara í námi jafnt og þétt, úr 31% árið 2021 í 56% árið 2025, á meðan hlutfall íslenskra ríkisborgara lækkaði samsvarandi. Þróunin tengist breytingum í samfélaginu og aukinni þátttöku innflytjenda í námi.

Þessi þróun undirstrikar skýrt sveigjanleika framhaldsfræðslunnar og getu hennar til að mæta fjölbreyttum þörfum nema með ólíkan bakgrunn, reynslu og stöðu. Námsframboð hefur þróað í þá átt að vera aðgengilegt, hagnýtt og viðeigandi fyrir breiðan hóp fólks, óháð þjóðerni. Með því styrkir framhaldsfræðslan stöðu sína sem inngildandi námsumhverfi þar sem áhersla er lögð á jöfn tækifæri til náms, hæfniuppbyggingu og virka þátttöku í atvinnu- og samfélagslífi. Framhaldsfræðslan gegnir mikilvægu hlutverki í að styðja við virkni og valdeflingu námsmanna og hefur þannig getu til að bregðast við breytingum í íslensku samfélagi.

Hlutfall í námi eftir þjóðerni 2021-2025



Nemar sem luku námi eftir kynjahlutfalli árin 2021-2025



Á árunum 2021 til 2025 var hlutfall kvenna í námi hærra en karla. Þátttaka kvenna í námi var á bilinu 61–64%, en hlutfall karla á bilinu 36–39%. Hlutföllin voru nokkuð stöðug milli ára, sem bendir til samfelldrar og stöðugar þátttöku beggja kynja í námi. Hlutfall nema sem skilgreina kyn sitt sem „annað“ er mjög lágt, á bilinu 0,1–0,2% á hverju ári, en þó sýnilegt í tölfræðinni. Ljóst er að framhaldsfræðslan nær til breiðs hóps einstaklinga og að þátttaka í námi hélst jöfn og var nokkuð fyrirsjáanleg milli ára.

Námskrár

| Mest sóttu námskrár 2025 | Fjöldi |
|---|--------|
| Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun | 302 |
| Grunnnámskeið fyrir fiskuvinnslufólk | 240 |
| Menntastoðir | 193 |
| Smiðju námskrár | 169 |
| Meðferð matvæla | 144 |

Gögnin sýna að námskráin Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun var mest sóttá námskráin á árinu. Grunnnámskeið fyrir fiskuvinnslufólk er í öðru sæti, sem undirstrikar áframhaldandi þörf fyrir sérhæfða starfsþjálfun innan matvæla-geirans. Menntastoðir var þriðja mest sóttá námið og er það undirbúningsnám fyrir fullorðna sem miðar að því að efla grunnfærni í bóklegum greinum og undirbúa þátttakendur fyrir frekara nám eða atvinnu. Smiðjunámskrárnar voru í fjórða sæti, þar sem markmiðið er að efla verklega hæfni með hagnýtum, starfstengdum viðfangsefnum. Alls hafa fjórar smiðjunámskrár verið vottaðar af mennta- og barnamálaráðuneytinu á þrepi 1 og 2. Til þess að fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar geti boðið smiðjunám þarf að liggja fyrir námslýsing á því verkefni sem unnið er með. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur þróað staðlað sniðmát fyrir fræðsluáðila til gerðar slíkra námslýsinga. Árið 2025 stunduðu 169 nemar nám í Smiðju og var þátttaka mest í Leikskólasmiðju. Meðferð matvæla hefur einnig umtalsverða þátttöku, sem bendir til stöðugar eftirspurnar á því sviði.

Færni á vinnumarkaði

Verkefnið Færni á vinnumarkaði er þróunar- og samstarfsverkefni sem byggir á tillögu starfshóps um aukin náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk og er hluti af framkvæmdaáætlun um réttindi fatlaðs fólks. Verkefnið er unnið í samstarfi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA), Vinnuálastofnunar (VMST), Fjölmennatar, Símenntar og atvinnulífsins. Með starfsnáminu, Smiðja 1 – 2, Færni á vinnumarkaði, fjölgaði möguleikum til náms fyrir tiltekinn hluta markhóps framhaldsfræðslunnar sem hingað til hefur notið fárra valkosta í bæði náms- og starfstækifærum á fyrsta þrepi íslenska hæfnirammans um menntun. Alls hafa 89 nemar lokið fræðslu-hlutanum og starfsnáminu og útskrifast með Fagbréf atvinnulífsins síðan námið fór af stað árið 2024. Námið veitir fötluðu fólki um land allt tækifæri til að efla færni sína til atvinnuþátttöku með valdeflandi hætti.

Námsleiðir (uppbrot námskráa)

FA hefur þróað leið til að brjóta upp námskrár framhaldsfræðslunnar (uppbrot námskráa) og svarað þannig kalli eftir fjölbreyttara námsframboð fyrir markhópinn. Með námsleiðum er lítið til þess að nýta frekar þann mikla fjölda námsþátta (áfanga) sem framhaldsfræðslan á inni í námskrárgrunni og tilheyra námskrám framhaldsfræðslu í stað þess að þróa og skrifa stöðugt nýja námsþætti fyrir nýjar námskrár. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar nýttu þessa leið til að leggja upp námsleiðir sem mæta betur þörfum markhóps á hverju svæði fyrir sig.

Þátttaka í námsleiðum árin 2022-2025

| Námsleiðir 2022-2025 | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 |
|--|-----------|------------|------------|------------|
| Íslenska og atvinnulíf | 20 | 103 | 346 | 538 |
| Íslenska, atvinnulíf og samfélag | - | - | - | 32 |
| Hvernig á að vera sjálfstætt starfandi á Íslandi | - | - | - | 22 |
| Menntagrunnur | - | - | - | 17 |
| Tölvugrunnur og sjálfefling | - | - | 17 | - |
| Fjöldi alls í námsleiðum | 20 | 103 | 363 | 609 |

Á tímabilinu 2022–2025 varð veruleg aukning í bæði fjölda námsleiða og þátttakenda í þeim hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum. Árið 2022 var ein námsleið í boði, Íslenska og atvinnulíf, og sóttu hana 20 þátttakendur. Á árunum 2023 og 2024 jókst þátttaka í námsleiðinni verulega, sem endurspeglar aukna eftirspurn eftir námi sem styður við þátttöku í atvinnulífi. Árið 2025 náði þátttakan hámarki þegar 538 einstaklingar sóttu námsleiðina. Það jafngildir um 18% af heildarfjölda þátttakenda í öllu námi það ár, en alls voru 2934 þátttakendur í námi hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum árið 2025. Þessi þróun bendir til aukinnar eftirspurnar eftir íslenskunámi tengdu atvinnulífinu.

Á árinu tóku alls 609 nemar þátt í námsleiðum. Þessi þróun endurspeglar vaxandi eftirspurn eftir fjölbreyttu námi sem styður markvisst við þátttöku í atvinnulífi og samfélagi, auk aukinnar fjölbreytni í námsframboði.



Raunfærnimat

Raunfærnimat hefur frá árinu 2004 verið hluti af starfsemi framhaldsfræðslunnar. Á þeim tíma hefur það þróast og fest sig í sessi sem eitt helsta verkfærið til að gera færni einstaklinga sýnilega og meta hana til styttingar á námi.

Samhliða örum breytingum á vinnumarkaði hefur aukist þörfin fyrir að þekking og færni sé sýnileg. Þegar færni og þekking eru gerð sýnileg skapast ávinningur fyrir bæði starfsfólk og fyrirtæki. Í norrænu og evrópsku samhengi eru aðallega tvö verkfæri nefnd sem lyklar að árangri þ.e. aukin notkun raunfærnimats og örvottanir (e. micro-credentials).

Hlutverk FA er að miðla aðferðafræði raunfærnimats, samhæfa vinnulag, útbúa skimunar- og matslista, þjálfa fagaðila, safna tölfraðilegum upplýsingum og veita ráðgjöf í ferlinu. Þetta hlutverk samræmist þeim markmiðum sem sett voru í tengslum við notkun á raunfærnimati, annars vegar í lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og hins vegar útfærslu í reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011.

Í 11. grein reglugerðar um markmið raunfærnimats kemur fram að matið geti haft þrjúþættan tilgang. Það er að:

- gera fólki kleift að ljúka tilteknu námi á framhaldsskólastigi - matið miðast við hæfnikröfur viðkomandi námskrár.
- auka starfsfærni á vinnumarkaði - matið miðast við skilgreindar þarfir ákveðinna starfa.
- vera viðkomandi hvatning til þess að hefja nám að nýju og/eða styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.

” Raunfærnimat opnar dyr sem áður voru lokaðar. Alls hafa 9096 einstaklingar farið í gegnum raunfærnimat.

| Ár | Fjöldi | Meðal aldur | Karlar | Konur | Annað |
|------|--------|-------------|--------|-------|-------|
| 2021 | 580 | 37,7 ár | 397 | 183 | - |
| 2022 | 567 | 37,7 ár | 330 | 235 | 2 |
| 2023 | 644 | 37,7 ár | 328 | 316 | - |
| 2024 | 580 | 37,3 ár | 345 | 234 | 1 |
| 2025 | 557 | 35,7 ár | 330 | 227 | - |

Alls fóru 557 einstaklingar í gegnum mat á raunfærni á vegum framhaldsfræðslunnar, á árinu, og eru fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar víðs vegar um landið framkvæmdaraðilar raunfærnimats.



Gögn fyrir árin 2021–2025 sýna að heildarfjöldi einstaklinga, sem hafa farið í raunfærnimat, hefur sveiflast milli ára, með verulegri aukningu árið 2023 og fækkun í kjölfarið. Meðalaldur hópsins var óbreyttur á árunum 2021–2023, en hefur lækkað síðari ár sem endurspeglar breytingar á aldurssamsetningu. Þá hafa kynjahlutföll þróast í átt til aukins jafnvægis yfir tímabilið, þótt karlar séu enn í meirihluta.

Hlutfallsleg skipting í raunfærnimati eftir flokkum 2021-2025

| Flokkar raunfærnimats | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 |
|--------------------------|------|------|------|------|------|
| Starfsnám | 28% | 45% | 46% | 47% | 55% |
| Löggildar iðngreinar | 46% | 38% | 32% | 41% | 31% |
| Viðmið atvinnulífsins | 22% | 15% | 22% | - | - |
| Almennar bóklega greinar | 4% | 2% | - | - | - |
| Almenn starfshæfni | - | - | - | 7% | 12% |
| Fagbréf | - | - | - | 5% | 2% |

Vægi starfsnáms jókst jafnt og þétt á tímabilinu, úr 28% (2021) í 55% (2025), á meðan hlutfall löggildra iðngreina lækkaði í heildina úr 46% í 31%, þrátt fyrir tímabundna hækkun árið 2024. Dregið hefur úr þátttöku í raunfærnimati í matvæla- og veitingagreinum og kallar það á frekara samtal innan starfsgreinarinnar til að styrkja aðgengi, sýnileika og ávinning raunfærnimats. Flokkurinn viðmið atvinnulífsins var til staðar 2021–2023 (15–22%) en hvarf úr skiptingunni 2024–2025. Í staðinn skiptist flokkurinn í almenna starfshæfni (7–12%) og Fagbréf (2–5%). Almennar bóklegar greinar féllu út eftir 2022.

Íslenskir og erlendir ríkisborgarar sem luku raunfærnimati 2021-2025



Fólk með erlent ríkisfang var 13% af þátttakendum í raunfærnimati árið 2025, sem er örlítill aukning frá fyrra ári en nokkuð sambærileg við árin 2022 og 2023. Ljóst er að ef hlutur innflytjenda á að aukast þarf að huga að upplýsingagjöf um: raunfærnimati; hvernig niðurstöður raunfærnimats nýtast innflytjendum til náms og starfa; og hvernig aðgengi fullorðinna innflytjenda er í raun að námi í framhaldsskóla að loknu raunfærnimati.

Yfirlit – skipting í flokka raunfærnimats

| Flokkar raunfærnimats | Fjöldi | Hlutfall | Konur | Karlar | Meðal-aldur | Ísl. ríkisfang | Erl. ríkisfang |
|----------------------------|------------|----------|------------|------------|-------------|----------------|----------------|
| Starfsnám | 301 | 54% | 188 | 113 | 35,8 | 85% | 15% |
| Löggildar iðngreinar | 172 | 31% | 4 | 168 | 35 | 85% | 15% |
| Almenn starfshæfni | 67 | 12% | 32 | 35 | 32,1 | 97% | 3% |
| Fagbréf | 17 | 3% | 3 | 14 | 28,9 | 100% | - |
| Samtölur / meðaltöl | 557 | - | 227 | 330 | 35,7 | 87% | 13% |

Flestir einstaklingar fóru í raunfærnimat í almennri starfshæfni árið 2025, alls 67. Almenna starfshæfnin var aðallega nýtt fyrir einstaklinga sem voru í atvinnuleit eða að koma aftur til virkni á vinnumarkaði og voru verkefni unnin í samstarfi við Vinnumálastofnun, starfsendurhæfingu eða sveitarfélög á hverju svæði fyrir sig. Almenn starfshæfni er hæfni sem einstaklingur þarf að búa yfir eða tileinka sér til þess að taka á virkan hátt þátt í samfélaginu, vera á vinnumarkaði og þróast í starfi.

Mun fleiri konur sækja raunfærnimat í starfsnámi, en fleiri karlar sóttu raunfærnimat í iðngreinum og endurspeglar það kynjaskiptingu á vinnumarkaði. Meðalaldur þeirra sem fóru í raunfærnimat 2025 var 35,7 ár og samtals voru 13% þeirra sem fóru í gegnum raunfærnimat erlendir ríkisborgarar.

Algengustu greinar í raunfærnimati 2025

| Starf | Fjöldi | Starf | Fjöldi |
|--------------------|--------|-----------------------------|--------|
| Almenn starfshæfni | 67 | Skipstjórn | 31 |
| Leikskólaliði | 54 | Rafvirkjun | 28 |
| Félagliðagátt | 51 | Fagnám í versl. og þjónustu | 25 |
| Húsasmíði | 50 | Vélvirkjun | 18 |
| Sjúkraliði | 49 | Pípulagnir | 17 |
| Stuðningsfulltrúi | 35 | Matartækni | 12 |

Leikskólaliðabrá, Stuðningsfulltrúabrá, Félagliðagátt og Sjúkraliðabraut eru algengustu greinarnar innan umönnunar- og þjónustugreina. Samanlagt mynda þær stóran hluta raunfærnimats eða alls um 34% af heildarfjölda í raunfærnimati. Það endurspeglar að raunfærnimat gegnir lykilhlutverki í að viðhalda gæðum og samfelli í þjónustu sem snertir daglegt líf fólks á öllum aldri í íslensku samfélagi.



” Á árinu fóru 49 einstaklingar í gegnum raunfærnimat á sjúkraliða-
braut sem hefur verið meðal þeirra fjölmennustu í raunfærnimati frá
því ferlið var innleitt innan starfsgreinarinnar árið 2021.

Raunfærnimat til styttingar á námi

Raunfærnimat til styttingar á námi hefur verið í boði á vegum framhaldsfræðslunnar frá árinu 2007. FA hefur unnið markvisst að því að fjölga leiðum í raunfærnimati í samstarfi við hagsmunaaðila. Framkvæmd raunfærnimats er á ábyrgð gæðavottaðra fræðslu- og símenntunarmiðstöðva víðsvegar um landið og eru niðurstöður þátttakenda að loknu raunfærnimati skráðar í nemendakerfið INNU.

Ávallt er fylgt skilgreindu ferli í raunfærnimati sem sjá má í eftirfarandi yfirlitsmynd. Ferlið tekur mið af reglugerð nr. 1163/2011. Þar er meðal annars kveðið á um rétt einstaklinga til raunfærnimats og kröfum um aðferðafræði lýst.

FA heldur miðlægt utan um mats- og skimunarlista raunfærnimats til styttingar á námi. Í því felst að tryggja að matslistar séu í samræmi við gildandi námskrár og tryggja aðgengi framkvæmdaraðila að réttum matslistum.

Á árinu lauk uppfærslu á mats- og skimunarlistum og eru nú 62 leiðir í boði. Markmið uppfærslunnar var að samræma orðalag og framsetningu og tryggja að listarnir væru í samræmi við gildandi hæfniviðmið námskráa og hæfnikröfur starfa (Fagbréf atvinnulífsins). Yfirlit yfir matslista er aðgengilegt á heimasíðu FA.

Ferli raunfærnimats til styttingar á námi



” Á árinu fengu 35 fagaðilar þjálfun í aðferðafræði raunfærnimats til styttingar á námi á framhalds- og háskólastigi og 14 matsaðilar í aðferðafræði Fagbréfs atvinnulífsins. Samtals hafa þá 868 fagaðilar fengið þjálfun hjá FA frá árinu 2007.


Raunfærnimat til staðfestingar á færni til að sinna ákveðnu starfi

Frá árinu 2022 hefur FA unnið markvisst að því að byggja undirstöður til að geta raunfærnimatið færni fólks til að sinna ákveðnu starfi á vinnustað. Við val á störfum til hæfnigreininga er horft til starfa þar sem formlegt nám er ekki í boði. Í hluta kjarasamninga frá árinu 2024 eru ákvæði um að fjölga starfaprófilum í samráði við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, þar sem hæfniviðmið starfs eru greind með hæfnigreiningu, matslistar þróaðir fyrir störf, og í kjölfarið er hæfni staðfest með útgáfu Fagbréfa. FA leiðir þessa þróun með aðkomu aðila atvinnulífsins. Atvinnulífið tekur þátt í að móta hæfniviðmið starfa, líkt og formlega skólakerfið. Í gegnum hæfnigrunn FA eru hæfniviðmið tengd við þrep á Íslenska hæfniramma um menntun.

Við þróun á raunfærnimati í atvinnulífinu á Íslandi var horft til sambærilegrar uppbyggingar í Svíþjóð. FA er skilgreind sem umsjónaraðili kerfisins sem felst í samstarfi um útbreiðslu, tryggingu gæða, þjálfun fagfólks og útgáfu Fagbréfa. Starfsmenntasjóðir og Fræðslusjóður koma að fjármögnun framkvæmdar og er hægt að sækja um verkefni á heimasíðu FA.

Ferli Fagbréf atvinnulífsins er í fjórum þrepum. Eftir að þátttakandi hefur fengið raunfærnimat á móti hæfniviðmiðum starfs fer fram þjálfun og fræðsla sem tekur mið af niðurstöðum matsins. Þegar öllum hæfniviðmiðum starfsins er náð er færnin staðfest með Fagbréfi atvinnulífsins fyrir viðkomandi starf. Í því felst ávinningur fyrir fyrirtæki og starfsfólk.

Fagbréf atvinnulífsins - ferli í fjórum þrepum



Á árinu 2025 vann FA að eftirtöldum verkefnum í tengslum við Fagbréf:

- Miðla upplýsingum til hagaðila og samstarfsaðila um Fagbréf, mögulegan ávinning og forsendur sem þurfa að vera til staðar.
- Samtöl, kynningar og vinna með starfsgreinum um forgangsröðun starfa í hæfnigreiningum og innleiðingu Fagbréfa atvinnulífsins.
- Gerð leiðbeininga og handbókar um framkvæmd ætluð þeim sem bera ábyrgð á framkvæmd verkefna.
- Þjálfun innri matsaðila fyrirtækja og leiðsögn.



Yfirlit Fagbréfa atvinnulífsins

Í eftirtöldum störfum er hægt að framkvæma og gefa út Fagbréf atvinnulífsins. Búið er að vinna starfaprófil fyrir þau og útbúa matslista fyrir framkvæmd raunfærnimats.

| Starf | Tenging við hæfniprep | Starf | Tenging við hæfniprep |
|-------------------------------------|-----------------------|-------------------------------|-----------------------|
| Aðstoð við léttan iðnað | 1 | Starf við umönnun | 1 |
| Bókari | 2 | Starf í verslun | 1 |
| Gjaldkeri - fjárreiður | 2 | Starf í verslun | 2 |
| Kjötskurður | 2 | Starf í verslun | 4 |
| Kvikmyndastjórnun | 3 | Starf við þjónustu og ráðgjöf | 2 |
| Ljóstækni | 3 | Starf í vöruhúsi/lager | 1 |
| Ráðstefnutækni | 3 | Starf við þrif og þjónustu | 1 |
| Sérþjálfaður starfsm. í matvælaiðn. | 2 | Sviðsstjórn | 4 |
| Starf í endurvinnslu | 1 | Tímabundin burðarvirki | 3 |
| Starf í frístund | 1 | Öryggisvörður | 2 |
| Starf í leikskóla | 1 | | |

Raunfærnimat í Almennri starfshæfni

Raunfærnimat í Almennri starfshæfni er ferli þar sem einstaklingar fá handleiðslu við að meta færni sína á móti hæfniviðmiðum á hæfniprepum í tengslum við íslenska hæfnirammann um menntun. Á árinu kom út handbók fyrir raunfærnimat í Almennri starfshæfni sem unnin var í nánu samstarfi við leiðbeinendur og ráðgjafa af vettvangi. Fram undan er að uppfæra hæfniviðmiðin, sem stuðst er við í matinu, í kjölfar uppfærslu hæfnigrunnins og í samráði við fulltrúa aðila atvinnulífsins.

Samstarf vegna innleiðingar raunfærnimats á háskólastigi

Unnið er að innleiðingu raunfærnimats í háskólum og kemur FA að þeirri vinnu samkvæmt samningi FA við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Háskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands frá 2024. Vinna FA snýr fyrst og fremst að ráðgjöf, þjálfun og greiningu á árangri. Helstu viðfangsefni tengd verkefninu á árinu voru þjálfun þeirra sem komu að framkvæmd raunfærnimats, stuðningur við gerð hæfniviðmiða og matslista auk kynninga á framkvæmd og gæðakröfum raunfærnimats til styttingar á námi. Áætlað er að verkefninu ljúki árið 2026 en þá verður metinn árangur og m.a. kannað meðal þátttakenda hvernig til tókst.

” Ummæli: Lára Hreinsdóttir, verkefnastjóri hjá Háskóla Íslands

Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Listaháskóli Íslands og Háskóli Íslands vinna nú að samstarfsverkefni um innleiðingu raunfærnimats til styttingar náms á háskólastigi. Hver skóli velur námsleiðir og námskeið til raunfærnimats og matsferli verður prufukeyrt og metið. Markmið verkefnisins er að búa til sambærilega, gagnsæja verkferla sem leiða til niðurstöðu sem gildir á milli háskóla. Þeir fagaðilar sem koma að raunfærnimati hafa sótt námskeið hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um framkvæmd raunfærnimats. Fræðslumiðstöðin hefur einnig veitt ráðgjöf og gagnlegan stuðning varðandi ýmsa þætti verkefnisins. Samhliða vinnu við raunfærnimatið er unnið að því að móta leiðbeiningar um reglugerð um raunfærnimat á háskólastigi og tillögu um fjármögnun raunfærnimats til framtíðar.

Verkefninu lýkur um áramótin 2026/2027.

Til umhugsunar um þróun raunfærnimats


- Frá árinu 2022 hefur ekki verið hægt að skrá metnar einingar úr vinnustaðahluta náms í gagnagrunn á vegum stjórnvalda líkt og kveðið er um í reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/201. Það hefur haft þau áhrif að þátttaka í raunfærnimati í iðngreinum hefur dregist saman um 27%.
- Aukin aðsókn í starfsnám á framhaldsskólastigi, meðal annars í tengslum við fjölgun yngri nemenda, gæti haft þær afleiðingar að draga úr aðgengi fullorðinna einstaklinga að námi í kjölfar raunfærnimats. Ástæða er til að skoða nánar stöðu þessa hóps og meta hvort og þá með hvaða hætti gæti verið þörf á að bregðast við.
- Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar er ákvæði um að efla raunfærnimat. Ekki liggur fyrir með hvaða hætti eða á hvaða sviðum. FA er tilbúið í samstarfi við stjórnvöld um næstu skref.



Ráðgjöf um nám og störf


FA, í samstarfi við ráðgjafa fræðslu- og símenntunarmiðstöðva um land allt, vinnur að því að þróa og auka gæði- ráðgjafar um nám og störf á vettvangi. FA heldur utan um samstarf ráðgjafa. Eitt af markmiðum FA er að efla sérfræðipækkingu í ráðgjöf innan framhaldsfræðslunnar, ásamt því að leita leiða til að efla gæði þjónustunnar með þróun aðferðafræði og endurgjöf frá notendum. Haldnir eru fastir samstarfsfundir með ráðgjöfum þrisvar á ári. Í samstarfsneti FA eru um 25 til 27 ráðgjafar að jafnaði, að auki koma verkefnastjórar á miðstöðvum að hvatningarviðtölum. Haldnir eru kynningarfundir á vinnustöðum, einstaklings- og hópráðgjöf veitt, þátttöku í virkniaðgerðum fyrir atvinnuleitendur, verkefnum í raunfærnimati og þróun aðferðafræði í samstarfi við FA, meðal annars í gegnum erlend þróunarverkefni. Allar miðstöðvar skila ársskýrslum og tölfræðiupplýsingum til FA. Á árinu var meðal annars unnin tölfræðigreining þar sem rýnt var í tengsl ráðgjafar við önnur verkfæri framhaldsfræðslunnar og niðurstöður kynntar fyrir samstarfsaðilum.

Fjöldi viðtala árin 2021-2025



Ráðgjöfinni er ætlað að ná til markhópsins með upplýsingar og hvatningu til símenntunar. Fjöldi ráðgjafarviðtala á árinu með endurkomum var 8876. Heildarfjöldi einstaklinga í viðtölum var 4338, sem gefur til kynna að flest komu í tvö viðtöl eða fleiri. Mestur var fjöldi viðtala hjá IDUNNI-fræðslusetri, Mími-símenntun og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Viðtöl eftir ríkisfangi 2021-2025



■ Íslenskir ríkisborgarar ■ Erlendir ríkisborgarar

Ráðgjafarviðtöl eftir stöðu á vinnumarkaði 2025

| | | |
|--------------------------|--------------|-----|
| Í starfi | 5.397 | 61% |
| Atvinnuleitandi | 1.053 | 12% |
| Starfsendurhæfing | 1142 | 13% |
| Í námi | 612 | 7% |
| Annað | 514 | 6% |
| Öryrki | 120 | 1% |
| Hlutastarf og hlutabætur | 38 | 0% |
| Alls | 8.876 | - |

Af þeim sem komu í ráðgjöf voru langflest í starfi eða tæp 61%, þá voru tæp 13% í starfsendurhæfingu og atvinnuleitendur tæp 12%. Flestir atvinnuleitendur voru í ráðgjöf innan svæða voru á Suðurnesjum (41%), Vesturlandi (18%) og á Suðurlandi (14%). Innan svæða taldi Norðurlandið flesta þátttakendur í starfi og Suðurlandið flesta í starfsendurhæfingu.


Fjöldi erlendra ríkisborgara í ráðgjöf um nám og störf var svipaður og árið 2024, eða 31%. Flest koma frá Póllandi, Úkraínu og Palestínu. Hlutfallið var 18% árið 2021 og mikil aukning árin 2022 og 2023. Undanfarin ár hefur því verið lögð áhersla á málefni innflytjenda almennt í ráðgjöf á reglulegum samráðs- og þróunarfundum með samstarfsaðilum.

Ástæða ráðgjafarviðtala 2025


| | | |
|--|--------------|----------|
| Að eigin frumkvæði | 4.972 | 56% |
| Boðun í viðtal vegna VMST | 431 | 5% |
| Eftir kynningu í fyrirtæki eða stofnun | 951 | 11% |
| Eftirfylgni vegna raunfærnimats | 401 | 5% |
| Færnimöppugerð | 149 | 2% |
| Færnimöppugerð v. raunfærnimats | 615 | 7% |
| Skimun í raunfærnimat | 512 | 6% |
| Stuðningur í matssamtali | 690 | 8% |
| Tilvísun frá VIRK endurhæfing sjóði | 155 | 2% |
| Alls | 8.876 | - |

Algengasta inntak ráðgjafarviðtala tengdist raunfærnimatsferlinu, eða um 25% viðtala. Á það við um skimunarviðtal þar sem fólk mátar sig við raunfærnimat í ákveðinni grein; færnimöppugerð, stuðningur inni í matssamtali (valkvætt af hálfu þátttakanda) og viðtal að ferli loknu til að taka ákvörðun um næstu skref (eftirfylgni viðtal). Mikið var einnig um að fólk kæmi til að afla sér upplýsinga almennt um nám, afla sér upplýsinga um raunfærnimat og til að leita sér aðstoðar við ferilskrágerð. Rúmur helmingur þeirra, sem kom í viðtal á árinu, gerði það að eigin frumkvæði (56%) og 11% í kjölfar kynningar í fyrirtæki eða stofnun. Þar var aukning um 4% frá fyrra ári, sem er jákvæð þróun, því ráðgjöfinni er ætlað að ná til sem flestra í markhópnum.

Rafræn viðtöl og viðtöl á staðnum



Fjöldi viðtala flokkuð eftir kyni



Rafræn viðtöl voru 40% af heildarfjölda viðtala á árinu, svipað og síðast liðin ár. Um þriðjungur viðtala voru rafræn en nokkrar miðstöðvar nota rafræn viðtöl í miklum mæli það er VÍSKA í Vestmannaeyjum (99%), IÐAN-fræðslusetur (78%) og SÍMEY (47%). Skýringar á því geta verið staðsetning ráðgjafar og aðstæður fólks sem kemur í viðtal. Ljóst er að þessi kostur eykur aðgengi að ráðgjöfinni fyrir stærri hóp.

Kynjahlutföll voru nokkuð jöfn, 51% konur og 49% karlar. Flest sem sóttu ráðgjöfina á liðnu ári voru á aldrinum 26-35 ára, eða 38% og fjölgaði í þeim hóp frá árinu á undan, voru þá 34%. Þá hafa flest í hópnum hafið nám á framhaldsskólastigi en ekki lokið því eða 63% og þau sem eingöngu höfðu lokið grunnskóla voru 17%. Alls voru 86% þeirra sem koma í ráðgjöf í markhópi framhaldsfræðslunnar. Sú regla gildir að markhópur framhaldsfræðslunnar í ráðgjöf sé að lágmarki 80% samkvæmt skilmálum Fræðslusjóðs.

FA hafði á árinu umsjón með vinnuhópi ráðgjafa um raunfærnimat í Almennri starfshæfni, en það er leið sem boðið hefur verið upp á víða um land frá árinu 2014. Verkfærð hefur nýst atvinnuleitendum sérstaklega og fólki sem vill efla sína almennu starfshæfni á vinnumarkaði. Það hefur sýnt sig að mikill meirihluti þeirra sem taka þátt í ferlinu fer í nám eða starf í kjölfar þess. Áhersla var lögð á að draga fram lærdóm af vettvangi vegna framkvæmdar, yfirfara gögn og vinna að handbók til að stuðla að samræmi framkvæmdar á svæðum og varða þannig gæði verkfærisins. Handbókin var gefin út og kynnt á örfundi fyrir vettvangi framhaldsfræðslunnar.

Haldnir voru þrjú örfundir (á netinu) með starfsfólki frá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum, um niðurstöður ársskýrslna miðstöðva, um niðurstöður tölfræði ársins 2024 úr ráðgjöfinni og um handbók fyrir raunfærnimat í almennri starfshæfni. Haustfundur var haldinn í október og að venju var hann heils dags staðfundur þar sem unnið var með skilgreindar fræðsluþarfir. Fyrir haustfund var send út rafræn kynning á sjálfbærni í starfsferilsráðgjöf (efni frá NLL) sem var til umræðu í hópavinnu. Á fundinum var kynning og vinnustofa um nýtingu gervigreindar og stafrænna lausna í námi og ráðgjöf. Þá kynntu sérfræðingar frá Noregi (Miðstöð háskólanáms og hæfni) og Svíþjóð (Miðstöð menntamála) aðferðafræði og verkfæri sem hafa gagnast vel í ráðgjöf og var unnin hópavinna undir handleiðslu. Í lokin miðluðu ráðgjafar gagnlegum verkfærum sín á milli.

Ársskýrslur og umræður á fundum sneru meðal annars að:

- Þörfum innflytjenda og mati á menntun þeirra og færni. Þar með talið áskorunum sem fylgja því að fara í nám á námsbrautum framhaldsskóla, í kjölfar raunfærnimats, vegna skorts á tungumálakunnáttu og tungumálastuðningi.
- Aukinni þörf fyrir ráðgjöf vegna kvíða og álags.
- Stafrænni tækni í ráðgjöf.
- Miðlun gagnlegra verkfæra í náms- og starfsráðgjöf (gildi, áhugasvið, ferilskráargerð, gæðamál o.fl.).

Samstarf og viðburðir

Innlent samstarf

Starf FA grundvallast á samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, menntakerfið, stéttarfélag, fagfélög, fyrirtæki og stofnanir. FA er í samstarfi við 14 viðurkenndar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar um land allt. Fjármögnun til þeirra kemur úr Fræðslusjóði með áherslu á raunfærnimat, námskrár FA og ráðgjöf. Fræðslusjóður úthlutar samkvæmt eigin samþykktum, skilmálum og úthlutunarreglum. Að auki starfar FA með fjölbreyttum hópi sérfræðinga hérlendis og í Evrópu í gegnum sértæk verkefni innan fullorðinsfræðslu og fjölbreytts tengslanets.

Helstu samstarfsaðilar á árinu

- Aðilar vinnumarkaðarins
- Félags- og húsnæðisráðuneytið
- Mennta- og barnamálaráðuneytið
- Menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneytið
- Atvinnuvegaráðuneytið
- Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar
- Framhaldsskólar
- Háskólar
- Fræðslu- og starfsmenntasjóðir
- Miðstöð menntunar og skólaþjónustu
- Rannís
- Vinnumálastofnun
- VIRK starfsendurhæfingarsjóður
- Fjölmenn
- Heilbrigðisráðuneytið
- Símennt
- Leikn
- Félag náms- og starfsráðgjafa
- Norræna ráðherranefndin
- Norrænt samstarf um símenntun- (NLL)
- Miðstöð fagháskóla í Svíþjóð (Myh)
- Miðstöð menntamála í Svíþjóð
- Miðstöð fyrir færniþróun í umönnunargeiranum í Svíþjóð
- Miðstöð fullorðinsfræðslu í Osló
- Verslunarráðið í Svíþjóð



Erlent samstarf



NLL-Norrænt samstarf um símenntun

NLL er ætlað að hvetja til samtals og samstarfs á milli ólíkra tengslaneta, koma á nýjum netum og efla framlag þeirra til norræns samstarfs.

Þann 1. janúar 2025 breytti NVL (Norrænt net um nám fullorðinna) nafni sínu í NLL (Norrænt samstarf um símenntun). Nafnabreytingin fól jafnframt í sér að NLL tók upp nýtt merki og lénið nll.org í stað nvl.org. Breytingin fól í sér endurskipulagningu starfseminnar en áfram er lögð áhersla á norrænt samstarf á sviði símenntunar og fullorðinsfræðslu.

Fulltrúar FA og fleiri hagaðila á Íslandi tók þátt í fjölbreyttum netum á vegum NLL og miðluðu þekkingu um nám fullorðinna á norrænum vettvangi. Efninu var jafnframt miðlað á vettvangi framhaldsfræðslunnar og í Gátt-veftímariti um nám fullorðinna.

Markmiðum NLL á árinu var skipt upp í þrjú áfangar:

- Miðlun niðurstaðna frá starfstímabili NVL sem lauk 2024
- Samráð og samtali við hagaðila vegna stofnunar nýrra tengslaneta og aðgerða
- Kynningarfundir fyrir hagaðila og verkefni sem styðja við framkvæmd samstarfsáætla Norrænu ráðherranefndarinnar.

Vegna áherslubreytinga við yfirfærslu NVL í NLL einkenndist árið af samtali við hagaðila innan fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum. Áfram voru þó starfandi net enda hefur það reynst vænlegt á norrænum vettvangi.

Starfandi net á árinu voru sjö talsins. Þau eru:

1. Raunfærnimat
2. Ráðgjöf fullorðinna
3. Alfaráðið
4. Menntun í fangelsum
5. Færniþróun í atvinnulífnum með áherslu á færniþróun í heilbrigðisþjónustu
6. Net um stafræna færni með áherslu á innflytjendur
7. NEET – net um ungmenni sem ekki stunda nám, atvinnu eða starfsþjálfun í Færeyjum, Álandseyjum og Grænlandi



Helstu afurðir NLL á árinu voru:

- Stefnuþlagg fyrir ákvarðanatökur um örvottanir og um nám til sjálfbærni
- Greinasafn um PIAAC
- Hlaðvörp um gervigreind og sjálfbærni
- Vinnustofur, myndbönd og vefstofur í tengslum við formennsku Finnlands og Álandseyja í Norrænu ráðherranefndinni
- Spjallmenni settu upp nýju heimasíðuna nll.org

Starfið á Íslandi:

- Heimsóknir FA og NLL til símenntunarmiðstöðva
- Hagaðilafundur um málefni ráðgjafar fyrir fullorðna á Norðurlöndum, var haldinn með íslenskum fulltrúum. Áhersluþættir ráðgjafar fyrir næstu ár ræddir.
- Ársfundur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins með áherslu á stöðu innflytjenda í námi.
- Greinum og viðburðum miðlað reglulega. Þýðingar og dreifing á tveimur fréttum frá Íslandi á mánuði.

Tungumálastuðningur á vinnustað – verkefni í undirbúningi

Á árinu voru haldnir fundir með norskum og sænskum sérfræðingum sem vinna með hugmyndafræði tungumálafulltrúa á vinnustað (s. Språkombud) innan fullorðinsfræðslunnar í sínum löndum. Þau starfa hjá Miðstöð fyrir færniþróun í umönnunargeiranum í Svíþjóð og Miðstöð fullorðinsfræðslu í Osló. Um er að ræða vísi að norrænu samstarfi til að þróa, samræma og varða gæði tungumálastuðnings á vinnustað. Að umræðunni komu einnig fulltrúar frá Mími og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum sem hafa mikla reynslu af því að þjónusta innflytjendur og vinna að tungumálanámi í samstarfi við atvinnulífið.

Sérfræðingur frá Miðstöð færniþróunar í umönnunargeiranum í Svíþjóð hélt jafnframt fyrirlestur á ársfundi FA um þróun og fyrirkomulag tungumálastuðnings á vinnustað sem vakti mikla eftirtekt áheyrenda.

Viðburðir á árinu

FA hafði umsjón með þremur viðburðum á árinu. Tveir þeirra eru fastir liðir; haustfundur ráðgjafar og ársfundur FA. Að auki var skipulögð vettvangs heimsókn til að rýna í fullorðinsfræðslukerfið á Írlandi. Þessum viðburðum er lýst lauslega hér á eftir í tímaröð:

Heimsókn til Írlands (Erasmus+ KA1 styrkur). Fimm starfsmenn FA fóru til Írlands á árinu til að kynna sér uppbyggingu og skipulag fullorðinsfræðslukerfisins þar í landi. Heimsóttar voru fjórar stofnanir sem starfa á ólíkum sviðum framhaldsfræðslunnar, allt frá framkvæmd og beinum samskiptum við markhópinn, stefnu-mótun, greiningum, fjármögnun og samskiptum við stjórnvöld.

Samráðsfundur um ráðgjöf á vettvangi framhaldsfræðslunnar í samstarfi við NLL (haustfundur ráðgjafar). Áhersla fundarins var á fræðslu sem valin var út frá niðurstöðum fræðslugreiningar sem FA gerði á meðal ráðgjafa fræðslu- og símenntunarmiðstöðva víðsvegar um landið í byrjun árs, auk samtals um þróun og gæðamál. Sérfræðingur í tæknilegum lausnum fjallaði um nýtingu gervigreindar og stafræna lausna í námi og ráðgjöf og virkjaði þátttakendur í hópavinnu. Sérfræðingur frá Landsskrifstofu menntamála í Svíþjóð fjallaði um áherslur, leiðir og verkfæri í ráðgjöf og sérfræðingur frá Miðstöð háskóla og færni (HK-dir) í Noregi kynnti og hélt vinnustofu um nýtingu gæðaramma í ráðgjöf. Að lokum miðluðu ráðgjafar gagnlegum verkfærum sín á milli.

Ársfundur FA í samstarfi við NLL undir yfirskriftinni Tengjum saman – Fjölbreytileiki, lærdómur, vöxtur. Áhersla var á að fara yfir þátttöku fólks með erlendan ríkisborgararétt í námi á vettvangi framhaldsfræðslunnar og skoða íslenskunám. Guðmundur Ingi Kristinsson, mennta- og barnamálaráðherra opnaði fundinn þar sem hann lagði áherslu á að innflytjendur væru ekki einn hópur og því þurfi að vera til staðar bæði formlegar og óformlegar leiðir til íslenskunáms. Hildur Betty Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri FA og Maj-Britt Hjördís Briem, lögmaður á vinnumarkaðssviði SA fóru yfir það fjármagn sem fer í þennan málaflokk og kölluðu eftir yfirsýn og stefnu. Olga Orrit, sérfræðingur hjá Miðstöð í færniþróun í Svíþjóð sagði frá farsælu verkefni í Svíþjóð þar sem starfsfólk er þjálfað sem tungumálafulltrúar á vinnustað.

Tvö pallborð voru á fundinum. Í því fyrra ræddu Hanna Katrín Friðriksson, atvinnuvegaráðherra, Finnbjörn Hermannsson, forseti ASÍ og Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri SA um stefnu, umgjörð og aðgengi innflytjenda að íslenskunámi og jöfnum tækifærum til náms.

Í seinna pallborðinu var rætt um íslenskufærni á vinnustað, tækifæri og áskoranir. Þar fóru Wendill Galan Viejo, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri á menntadeild Landspítalans, Ásta Bjarnadóttir, skrifstofustjóri starfsþróunar og starfsumhverfis hjá Reykjavíkurborg, Helga Fjóra Sæmundsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs-sviðs hjá Hornsteini og Ólöf Guðmundsdóttir, hóteltjóri Hilton Reykjavík Nordica yfir stöðuna á sínum vinnustöðum.

Hápunkturinn var þegar fyrirmyndir í námi fullorðinna sögðu frá reynslu sinni af verkfærum framhaldsfræðslunnar, en það voru þær Honeyly Abrequino Limbaga frá Mími símenntun og Sunna Rae George frá Þekkingarneti Þingeyinga.

Fjölbreyttir samráðsfundir voru jafnframt haldnir með samstarfsaðilum á árinu; þjálfun fyrir matsaðila um aðferðafræði Fagbréfa atvinnulífsins; vinnustofur og námskeið fyrir fagaðila í raunfærnimati, ráðgjafa og verkefnastjóra á vettvangi framhaldsfræðslunnar. Markmiðið var að miðla reynslu, þjálfu, læra hvert af öðru og hvetja til umræðu um vettvanginn og markhóp framhaldsfræðslunnar.

Hápunktar ársins



Janúar

Kynning á verkefninu Færni á vinnumarkaði fyrir starfshóp á vegum FRN.

Raunfærnimatsnámskeið fyrir matsaðila í háskólum.

Febrúar

Vinnustofa á Menntadegi atvinnulífsins um íslensku í atvinnulífinu.

Vinnustofa á Menntadegi atvinnulífsins um íslensku í atvinnulífinu.

Mars

Fundur með framkvæmdastjórum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva.

Veffundur um tölfraeði ráðgjafar á vettvangi framhaldsfræðslunnar.

Vefstofa um gervigreind og stafræn verkfæri til að gera yfirfæranalega færni sýnilega (á vegum NLL).

Heimsókn til fræðsluaðila og stéttarfélag vegna Fagbréfa atvinnulífsins og Færni á vinnumarkaði.

Framskóli Akademias – kynning á Framhaldsfræðsluferfinu.

Kynning á raunfærnimati – Sendinefnd frá Singapur á vegum Rannis.

Apríl

Raunfærnimatsnámskeið fyrir matsaðila í háskólum

Kynning á verkefninu Raddir innflytjenda fyrir Norrænu ráðherranefndina.

Kynning á hugmyndafræði örvottana (e. Micro-credentials) á vorkundi EPALE.

Kynning á Fagbréfum atvinnulífsins á miðstjórnarfundum ASÍ.

Maí

Heimsóknir í fyrirtæki í sjúkvaeld vegna Fagbréfa atvinnulífsins

Vefstofa um sjálfbærni og starfsferilsráðgjöf í samstarfi við NLL.

Kynning á framhaldsfræðslunni fyrir sérfræðinga í fullorðinsfræðslu frá Ítalíu.

Júní

Fræðsluferð starfsfólks FA til Írlands – öflun upplýsinga um hönnun, framkvæmd og gæði náms fullorðinna.



Ágúst

Fundur hjá Miðstöð færniþróunar í umönnunargeiranum í Svíþjóð um tungumálafulltrúa á vinnustað.

Kynning fyrir samstarfsaðilum á nýrri handbók um raunfærnimat í almennti starfshæfni.

Vinnufundur um Fagbréf atvinnulífsins hjá Samtökum atvinnulífsins.

Kynning á FA og framhaldsfræðslunni fyrir nemum fullorðinsfræðslu hjá HÍ.

Kynning á tölfraeði framhaldsfræðslunnar á fundi Símenntar.

Lokaskýrsla verkefnisins Færni á vinnumarkaði kynnt fyrir mennta- og barnamálaráðherra.

September

Nemar úr námsbraut í náms- og starfsráðgjöf HÍ í vettvangsheimsókn.

Hautfundur ráðgjafar á Grand hóteli í samstarfi við NLL.

Fundur með hagaðilum tengdum ráðgjöf um nám og störf um áherslur í starfi NLL næstu þrjú árin.

Október

Kynning á verkefninu Raddir notenda á alþjóðlegri rannsóknarráðstöfnu "Local and global tensions in career transitions and guidance" á vegum NorNet

Kynningarbás með upplýsingum um FA og verkfæri framhaldsfræðslunnar á Mannauðsdeginum.

Þátttaka í fundi hagaðila tengdum raunfærnimati um áherslur í starfi NLL næstu árin. FA hafði umsjón með ferð íslenskra aðila.

Þátttaka í Kick off vefvundi samnorræna verkefnisins Future skills.

Fyrirlestur um mikilvægi sýnileika á færni á Málþingi ASÍ vegna kvennáfríðagsins.

Nóvember

Ársfundur FA – Tengjum saman: Fjölbreytileiki, lærdómur, vöxtur.

Kynning á Fagbréfi atvinnulífsins á vefvundi Samtaka fyrirtækja í opinbera geiranum í Svíþjóð.

Desember

Heimsókn í Fiskatekniskólann vegna þróunar raunfærnimats.

Uppfært hæfnigreiningarferli FA.

Starfsgreinaráð farartækja og flutningsgreina – kynning á Fagbréfum.



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

Maí 2026

Útgefandi: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins